

Verklagsreglur

vegna logavinnu/heitrar vinnu

Hjá gilda eftirfarandi verklagsreglur vegna logavinnu/heitrar vinnu í öllu húsnæði stofnunarinnar/fyrirtækisins. Markmið reglnanna er að koma á öruggu verklagi til að draga úr eldhættu vegna logavinnu/heitrar vinnu. Logavinna/heit vinna er meðal annars vinna með slípirokk, rafsuða, logsuða og önnur vinna þar sem notaður er opinn eldur, svo sem við lagningu þakpappa og viðhald á honum.

Logaleyfi

Logavinna getur ekki farið fram nema að fengnu logaleyfi sem ábyrgðarmaður/eldvarnafulltúi og verktaki/starfsmaður staðfesta með undirskrift. Í logaleyfi eru tilgreindar þær varúðarreglur sem viðhafðar verða vegna verksins. Logaleyfi gildir ekki lengur en í einn sólarhring í senn.

Ábyrgðarmaður

Ábyrgðarmaður/eldvarnafulltúi annars vegar og verktaki/starfsmaður hins vegar meta mögulega eldhættu og varúðarreglur sem viðhafa þarf, sbr. hér að neðan. Mikilvægt er að í upphafi liggja fyrir hver ábyrgðarmaður er. Meðal þeirra sem geta tekið að sér hlutverk ábyrgðarmanns eru, auk eldvarnafulltrúa, eigandi fasteignar eða fulltrúi hans, byggingarstjóri, staðarstjóri verktaka, öryggisstjóri, verkstjóri, eftirlitsaðili með framkvæmd, formaður húsfélags eða fulltrúi hans, svo sem starfsmaður verkfræðistofu.

Varúðarreglur

Í logaleyfi er hakað við þær varúðarreglur sem verða viðhafðar eftir eðli og umfangi verks:

- Fullnægjandi slökkvibúnaður verður til taks, að minnsta kosti tvö 6 kg slökkvitæki, annað dufttæki og hitt léttvatnstæki, sem eru innsiglið og tilbúin til notkunar.
- Brunaslanga er ekki aðgengileg við vinnu á þaki og verða því að minnsta kosti þrjú 6 kg slökkvitæki til taks, að minnsta kosti eitt þeirra léttvatnstæki. Tækin eru innsiglið og tilbúin til notkunar.
- Brunaslanga er aðgengileg við vinnu á þaki og verða að auki tvö 6 kg slökkvitæki til taks, innsiglið og tilbúin til notkunar.
- Vinnusvæðið verður þrifið áður en vinna hefst og bleytt eftir þörfum.
- Brennanleg efni verða fjarlægð, þau varin eða bleytt áður en vinna hefst.
- Á svæði þar sem geymd eru eða hafa verið geymd hættuleg, eldfim eða sprengifim efni hefst vinna ekki nema að höfðu samráði við slökkvilið um fyrirkomulag eldvarna.
- Varmaleiðni og huldur byggingarhlutar verða metnir með tilliti til íkveikjuhættu. Þessi svæði verða varin og/eða einangruð með óbrennanlegu efni ef þörf krefur.
- Sprungum, rifum og öðrum opum í veggjum, gólfi og lofti vinnusvæðis verður lokað sé hættu á að neisti eða eldur geti borist milli rýma.
- Gætt verður sérstakrar varúðar þegar efni er hitað, þurrkað eða brætt.
- Notaður verður viðeigandi hlífðarbúnaður.
- Stöðug brunavakt verður höfð á meðan á verki stendur og í að minnsta kosti 60 mínútur eftir verklok.
- Brunavakt verður jafnframt höfð þegar hlé er gert á vinnu vegna matar- og kaffihlés.
- Gengið verður úr skugga um að vatnsúðakerfi sé virkt og verði ekki fyrir tjóni á meðan á framkvæmd stendur.
- Tryggt verður að unnt sé að hringja í neyðarnúmerið 112 án tafar gerist þess þörf.

Þegar áhætta telst mjög mikil skal tilgreina í logaleyfi sérstakar varúðarráðstafanir sem gera þarf, svo sem hvort þörf er á að brunavakt nái til aðliggjandi svæða og fyrir ofan og neðan vinnusvæði.

Meta skal hverju sinni hvort ástæða þykir til að gera slökkviliði viðvart áður en vinna hefst.